

1866.

11. maí.

Arnarstapa umboði; skýrir hann í því frá, eptir áskorun leiguliðans á jörðunni Kálfárvöllum í Stadarsveit í Snæfellsness sýslu, sem liggur undir Arnarstapa umboð, að það sé því nær ómögulegt að byggja eina af hjáleigum jarðarinnar, Skafلاكot, neinum áreiðanlegum manni, einkum vegna þess að landslagi er svo háttað, að hún er undir áföllum af snjóflóðum og skriðum, sem opt hafa gjört miklar skemmdir bæði á húsunum og túninu; sækir hann því um, að það megi leggja kot þetta í eyði sem hjáleigu fyrir sig, þannig að húsin, sem eru á kotinu, verði rifin, timbríð selt og andvirðið borgað inn í umboðssjóðinn. Þær hafið lagt til með, að leyft verði, að hjáleigan Skafلاكot sé lögð í eyði og lögð undir heima-jörðina Kálfárvelli með þeim kjörum, að ábúandinn á Kálfárvöllum eptir sem áður gjaldi það afgang afdráttarlaust, sem ákveðið hefir verið, af allri jörðinni, að ábúandinn, sem nú er, borgi í umboðssjóðinn ofanálág á húsin á hjáleigunni, er ákveðið sé af óvilhöllum monnum, að húsin séu rifin, timbríð úr þeim selt, og andvirðið borgað í umboðssjóðinn.

Útaf þessu skal yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og til þess, að þær kunngjöríð það, að dómsmálastjórnin eptir málavöxtum fellst á það, sem þær hafið lagt til um þetta málefni.

42. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um það, hvort greiða skuli konungstíund af hálfum Ingveldarstöðum og hálfum Daðastöðum í Skagafjarðar sýslu.

11. maí.

Með úrskurði þeim, er reikningastjórnardeild konungsríkisins hefir lagt á 2. lið útásetninganna útá reikning um konungstíundina og hinar aðrar tekjur ríkissjóðsins af Skagafjarðar sýslu á árinu frá 1. aprílmán. 1858 til 31. marzmán. 1859, hefir því verið skotið til atkvæða dómsmálastjórnarinnar, hvort að eigi að heimta konungstíund af tveim jörðum í greindri sýslu, hálfum Ingveldarstöðum og hálfum Daðastöðum í Sauðár hrepp, er áður voru eign Thorkillii barnaskólasjóðs, en seinna eru orðnar einstakra manna eign. Um þetta hafið þær, herra amtdaður, eptir áskorun

1866.
11. maí.

dómsmálastjórnarinnar sagt það álit yðar í bræfi dagsettu 19. febrúarmán. 1864, að þaræð jarðir þessar áður fyrri hafa verið lagðar til guðspakka, og ekki hefir verið goldin tíund af þeim síðan, hljóti þær framvegis, samkvæmt því sem ákvarðað er um jarðir þær, er áður voru eign Hólastóls, með hæstaréttardómi 16. febrúarmán. 1859, að vera aðnjótandi þessa tíundarfrelsis, með því að tilfelli það, sem hér ræðir um, er svo líkt því, sem hæstaréttardómurinn hefir gjört út um, að það virðist rétt, að heimfæra hann uppá það.

Eptir að dómsmálastjórninni nú með bræfum yðar 6. septembarmán. 1864 og 8. febrúarmán. þ. á. hafa borizt skjöl þau, er snerta málefni þetta, og eptirrit af uppboðsbók Skagafjarðar sýslu um skilmálana við sölu jarðanna, skal yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og til þess að þær kunngjörð það, að dómsmálastjórnin fellst á álit það, er þær hafð látíð í ljósi um málefni þetta.

12. maí.

43. Auglýsing um, að Oddeyri sè lögð undir kaupstaðinn Akureyri.

Eptir þeirri heimild, sem dómsmálastjórninni til þess er veitt í 1. gr. í reglugjörð 29. ágústmán. 1862, um að gjöra verzlunarstaðinn Akureyri að kaupstað og um stjórn bæjarmálefna þar, hefir stjórnarráðið samkvæmt tillögum hlutadeigandi amtmanns og bæjarstjórnarinnar í greindum kaupstað úrskurðað, að Oddeyri, er svo er nefnd, skuli framvegis heyra undir bæjarfélag og lögsagnarumdæmi Akureyrar kaupstaðar.

Þetta gefst hérmed öllum hlutadeigendum til vitundar.

Í dómsmálastjórninni, 12. dag maímánaðar 1866.

Th. Rosenörn Teilmann.

Fr. Reinhardt.